



## Frumvarp til laga um menningarminjar

### *Umsögn Landbúnaðarháskóla Íslands og Landbúnaðarsafns Íslands*

Undirrituðum hefur borist frumvarp til laga um menningarminjar Þskj. nr. 1153 – 651. mál Alþingis 2010-2011 sem þakkað er. Sameiginleg umsögn Landbúnaðarsafns Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands um nokkur atriði frumvarpsins fer hér á eftir.

Fagnað er þeirri heild sem frumvarpið gerir ráð fyrir að mynduð verði um meðferð og vörslu menningarminja, sem og lögum lagaákvæða að alþjóðlegum reglum (UNESCO) og reynslu þjóða sem lengra eru komnar á þessu sviði. Um leið og hvatt er til þess að frumvarpið verði samþykkt viljum við koma á framfæri eftirfarandi ábendingum:

1. Á síðustu 130 árum hafa orðið miklar breytingar á menningarlandslagi byggðanna. Þær breytingar hafa flestar átt sér rót í breyttum búhátum í kjölfar nýrrar þekkingar og verktækni. Þeirri þekkingu dreifðu búnaðarskólarnir. Um leið og varðveittar eru minjar um þessa verkhætti, sbr. t.d. 3. gr. frv. , er mikilvægt að efla rannsóknir og fræðslu um sögu þeirra og þróunina er þær lýsa. Hvort tveggja hafa undirritaðar stofnanir eftt á síðustu árum, sbr. háskólakennslu LbhÍ í umhverfisskipulagi. ***Bent er á að skerpa ætti ákvæði lagafrumvarpsins um rannsóknir á menningarminjum*** – enda þekking forsenda varðveislu og umgegni um minjarnar.
2. Ákvæði 3. gr. a-liðar um búsetulandslag (þar mundi orðið menningarlandslag hæfa hugtakinu betur) er afar mikilvægt, sé lagður í það skilningur um heild. Punktaverndun er góð en það er ***heild minjanna*** sem skapar njótandanum mesta upplifun auk þess að segja mest um lífshætti genginna kynslóða og þróun tímana. ***Á viðeigandi stað í frumvarpinu ætti að skerpa þann skilning.***
3. Með vísun til 3. gr. frv. er lagt til að c-liður verði svo: „gömul tún- og akurgerði, leifar gamalla rétta, áveitumannvirki ***og aðrar ræktunarminjar, svo*** og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita.” Með öðrum ræktunarminjum er hér t.d. skírskotað til beðasléttna sem eru minjar um ríkjandi ræktunarhátt hérlendis á árunum 1870-1910, handgerðra lokræsa og framræsluskurða, svo og túnspildna með nytjagróðri sem hefur sérstakt varðveislugildi (*in situ*). Undirritaðar stofnanir vinna að rannsóknum á þessum verkmenningarþáttum, m.a. í norrænu samvinnuverkefni (*LbhÍ – Nordisk Genbank*).

4. Að mati undirritaðrar ætti í 4. gr. að skerpa á þeim þætti er lýtur að útihúsum til sveita. Sá byggingaarfur hefur að miklu leyti verið vanræktur þótt mótað hafi svip sveitanna frá öndverðu – og geri enn. Það er ekki vansalaust hve lítið þessum þætti hefur verið sinnt og ætti hans að vera getið með ákveðnari hætti en fram kemur í 4. gr. a-lið.
  
5. Varðandi 45. gr. og flutning menningarminja úr landi væri rétt að víkka upptalninguna og það nefnum við að gefnu tilefni. Mjög hafa erlendir aðilar sóst eftir Þúfnabana Landbúnaðarsafns, þeim eina sinnar gerðar sem eftir er héraendis og í heiminum, jarðvinnslutæki frá 1921, sem vakti vélræktun túna héraendis. Þannig er áreiðanlega um fleiri atvinnutæki sem til landsins hafa komið. Því mætti 13. liður upptalningar 45. gr. gjarnan vera svo: *Samgöngutæki og sérstök/söguleg atvinnutæki, [eldri en 75 ára.]* ... Í sumum tilvikum eru aldursmörkin of há. Væri etv. rétt að hafa þau opin eða ákveða með reglugerð eins og önnur úrvinnsluatríði væntanlegra laga.

Um leið og við óskum eftir að tekið verði tillit til þessara ábendinga endurtökum við hvatningu okkar um að frumvarpið verði samþykkt og síðan séð til þess með nauðsynlegum fjármunum að góður ásetningur verði að gagnlegri framkvæmd.

Hvanneyri 5. maí 2011

*Ágúst Sigurðsson*  
(sign)  
Rektor  
Landbúnaðarháskóla Íslands

*Bjarni Guðmundsson*  
(sign)  
verkefnisstjóri  
Landbúnaðarsafns Íslands ses